

## Re: Æfingabörf vetur 2026-2027

**Til** : Dagný Finnbjörnsdóttir <dagnyf@isafjordur.is>;Sigríður Júlía Brynleifsdóttir <sigridurjulia@isafjordur.is>;Nanný Arna Guðmundsdóttir <nannynarnag@gmail.com>;Hafdís Gunnarsdóttir <hafdisgu@isafjordur.is>

**Frá** : blakdeild@vestri.is <blakdeild@vestri.is>

**Heiti** : Re: Æfingabörf vetur 2026-2027

**Málsnúmer** : 2026030291

**Málsaðili** : Héraðssamband Vestfirðinga

**Skráð dags** : 23.04.2026 22:10:05

**Höfundur** : blakdeild@vestri.is <blakdeild@vestri.is>

**Viðhengi** image001.pngimage001.png

Góðann dag.

Fyrst ber að nefna að blakdeild Vestra mun ekki halda úti æfingum í inniblaki í sumar og þarf því ekki æfingatíma í Torfnesi yfir sumarið. Að því sögðu, reiknum við með að æfingar hefjist um eða eftir miðjann ágúst fyrir komandi keppnistímabil, veturinn 2026-27.

Þá ber jafnframt að nefna að það er í meira lagi sérkennilegt að boðaðar séu breytingar á úthlutunarreglum á sama tíma og félögin eru krafín um óskir um tímafjölda fyrir komandi vetur. Mun það þýða að nefndin breyti úthlutunarreglum eina ferðina enn til að þóknast einni íþróttagrein umfram aðrar? Þá verður að benda á að boðað samtal um úrbætur í þessum tímaúthlutunarmálum, eins og var td nefnt á fundi í desember síðastliðnum sem og í janúar 2025, hafa ekki átt sér stað sem getur ekki annað en aukið tortryggni á vinnulagi og vinnuferlum á sviðinu.

En að tímaóskunum.

Næsta keppnistímabil mun blakdeild Vestra halda úti æfingum fyrir eftirfarandi aldursflokka yngri iðkenda, sem skiptast í tilgreinda flokka samkvæmt skilgreiningu Blaksambands Íslands.

U14 - 8 bekkur og yngri

U16 - 9 og 10 bekkur

U20 - Menntaskólakrakkar

Þá er stefnan sett á að halda úti í meistaraflokkum:

2 lið í kk, í úrvalsdeild og í 2. deild.

2 lið í kvk, í 1. deild og í 2. deild

Samkvæmt fylgiskjali 2 í gildandi úthlutunarreglum æfingatíma, gefur það eftirfarandi fjölda viðmiðunartíma á viku:

U14 kk 4 tímar

U14 kvk 4 tímar

U16 kk 5 tímar

U16 kvk 5 tímar

U20 kk 6 tímar

U20 kvk 6 tímar

Yfl 30 tímar, og af þeim fjölda þurfum við amk 4 tíma á fullri stærð af velli, heilt hús Torfnese

Mfl kk úd 7,5 tímar

Mfl kk 2d 7,5 tímar

Mfl kvk 1d 7,5 tímar

Mfl kvk 2d 7,5 tímar

Mfl 30 tímar, og af þeim fjölda þurfum við amk tvo daga í viku fyrir hvert lið heilt hús Torfnese.

Eins og tiltekið var í bréfi Blakdeildar Vestra, dagsett 11 nóvember 2025, til Ísafjarðarbæjar vegna úthlutunar æfingatíma veturinn 2025-26, krefst Blakdeild Vestra þess að Dagný Finnbjörnsdóttir komi ekki framar nálægt úthlutun á vetraræfingatímum í íþróttahúsum. Með framgöngu sinni í því verkefni síðustu tvö haust, hefur hún brugðist trausti okkar til

þeirra verka og er alger óþarfi að láta reyna á það oft, því miður.

Fyrir hönd stjórnar Blakdeildar Vestra

Sigurður Hreinsson formaður

On 2026-04-15 09:22, Dagný Finnbjörnsdóttir wrote:

Góðan daginn,ég óska eftir að fá frá ykkur æfingapörf fyrir veturinn 2026-2027. Skóla-, íþrótt- og tómstundanevnd fer yfir tímapörfina og gefur út æfingatöflu íþróttamannvirkja og svæða fyrir veturinn, markmiðið er að gefa út töflu tímanlega og því mikilvægt að fá frá ykkur tímapörf fyrir 24 apríl nk.

Ég hef fengið mjög fá svör vegna sumaræfinga, bið ykkur um að senda mér það sem allra fyrst.

Bestu kveðjur,

**Dagný Finnbjörnsdóttir**

Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi

Ísafjarðarbær

450 8000 - [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)